

Samkomuhúsi Vestmannaeyja, frekar en annarra eigna hennar í hlutabréfum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaða réttarins sú, að rétt þykir að leyfa lögtak fyrir kr. 89.486.00 á ábyrgð gerðarbeiðanda auk umkrafinna dráttarvaxta. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fram fara fyrir kr. 89.486.00 á ábyrgð gerðarbeiðanda auk dráttarvaxta, 6% p.a. frá 16/8 1958 til 31/1 1959 og 12% p.a. frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. febrúar 1964.

Nr. 93/1963. **Ólafur B. Jónasson**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegen

Erlingi Ólafssyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Með vísan til raka héraðsdóms má fallast á, að nægjanlega sé sannað, að frá bifreið áfrýjanda hafi komið steinn sá, er í málinu greinir.

Bifreiðir málsaðilja rákust ekki á, þegar atvik það gerðist, sem lýst er í héraðsdómi. Ákvæði 68. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 tekur því ekki til þessa tilviks samkvæmt orðanna hljóðan. Þau rök, sem ætla má að liggi til grundvallar lagaákvæði þessu og látin eru leiða til þess, að beitt er hinni almennu skaðabótareglu, eiga ekki nema öðrum þræði við um steinkast af völdum bifreiða, er steinn lendir á annarri bifreið á ferð, en að mestu leyti eiga hér við sömu sjónarmið og þau, sem húa að baki bótareglum 67. gr. umferðarlaga. Þykir því ekki unnt að beita 68. gr. umferðarlaga með rýmkanði lögskýringu eða lögjöfnun um tjón það, er um ræðir í máli þessu.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur B. Jónasson, greiði stefnda, Erlingi Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 19. júlí 1959 ók stefndi bifreið sinni, R 8878, austur Suðurlandsbraut. Um sama leyti ók áfrýjandi bifreið sinni, R 6944, vestur sömu braut. Bifreiðarnar fóru hvor fram hjá hinni rétt hjá Baldurshaga, og hrökk þá að sögn stefnda og farþega í bifreið hans steinvalla í framrúðu á bifreið stefnda, vinstra megin, og braut hana. Ætla verður, eftir aðstæðum, að steinninn hafi flogið undan bifreið áfrýjanda og að um hreina óhappatilviljun hafi verið að tefla, þar sem áfrýjandi ók, að því er séð verður, gætilega og löglega.

Af 68. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 leiðir, að eigandi ökutækis ber eigi skaðabótaábyrgð, þá er ökutæki hans lendir af óhappatilviljun og án sakar stjórnanda þess í árekstri við annað ökutæki og veldur tjóni á því. Til grundvallar þessu ákvæði eru þau rök, að ökutæki í notkun stofni hvert öðru í mikla hættu. Í þessa áhættu leggur eigandi ökutæki sitt, þá er hann hefur það í notkun. Það sé því óeðlilegt, að eigendur ökutækja beri hver gegnt öðrum skaðabótaábyrgð vegna tjóns, sem eitt ökutæki veldur öðru, nema gáleysi stjórnanda eða umráðanda þess sé til að dreifa. Það er ljóst, að þessi undirstöðurök 68. gr. eiga, eigi síður en um árekstur, við um það atvik, er steinn þeytist af óhappatilviljun og án sakar stjórnanda ökutækis frá því á annað ökutæki. Lögskýra skal ákvæði laga þannig, að samræmi fáið og gersamlega eðlislík tilvik hlíti, eftir því sem kostur er, sömu lagareglu. Samkvæmt þessum meginstöfum þykir sá einn kostur vera fyrir hendi að heimfæra undir ákvæði 68. gr., en eigi undir hina algeru ábyrgðarreglu 67. gr., það tilvik, er steinn flýgur undan einu ökutæki og á annað ökutæki og veldur tjóni á því. Í tilviki því, sem í máli þessu greinir, bendir ekkert til þess, að áfrýjandi hafi með ógætni valdið steinflugi því, er olli tjóni á bifreið stefnda. Það brestur því lagaheimild til að dæma skaðabætur á hendur áfrýjanda, og ber að sýkna hann af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti mega falla niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ólafur B. Jónasson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Erlings Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Erlingur Ólafsson, nú til heimilis að Rauðalæk 4 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. júní 1961, gegn Ólafi B. Jónassyni, Sólheimum 20 í Reykjavík, til greiðslu skuldar, að

fjárhæð kr. 4.927.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 19. júlí 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómars.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómars.

Vátryggingafélaginu h/f í Reykjavík hefur verið stefnt til réttargæzlu. Engar sjálfstæðar kröfur hafa verið gerðar á hendur félaginu, og það hefur og ekki haft uppi kröfur í málinu.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þá leið, að hann hafi ekið bifreið sinni R 8878 sunnudaginn 19. júlí 1959 milli klukkan 1515 og 1530 austur Suðurlandsveg. Rétt hjá Baldurshaga hafi hann mætt Volkswagen-bifreiðinni R 6944, sem var á vesturleið. Í því er bifreiðarnar hafi mættzt, hafi steinn hrokkið undan hjóli R 6944 og lent á framrúðu bifreiðar stefnanda með þeim afleiðingum, að hún brotnaði. Stefndi hafi ekki viljað við atvik þetta kannast og hefur neitað frekari afskiptum af því tilefni og með því neytt stefnanda til málssóknar þessarar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreið sinni austur Suðurlandsveginn á um 60 km hraða, miðað við klukkustund. Í þann mund, er bifreiðarnar hafi mættzt, hafi steinn hrokkið í framrúðu bifreiðar hans vinstra megin og brotið hana. Hafi steinninn komið frá hægri hlið og farið yfir vélarhlífina. Hafi hann séð steinin á vélarhlífinni, eftir að hann hafði farið í rúðuna, og hafi hann síðan runnið af vélarhlífinni og niður á veginn. Steinninn hafi verið eins og lítið hænuegg á stærð við örverpi. Hljóti steinninn að hafa hrokkið undan hjóli R 6944, enda hafi hann séð svif steinsins, í því er hann hafi skolið á rúðunni. Engin önnur mannaferð hafi verið þarna samtímis. Er bifreiðarnar hafi mættzt, hafi hann þekkt stefnda undir stýri hennar, enda hafi hann vitað um margra ára skeið, hver stefndi væri. R 6944 hafi verið ekið áfram án þess að stöðva. Hafi hann því snúið bifreið sinni við og veitt R 6944 eftirför. Á afleggjara, sem liggur niður að Elliðavatni, hafi hann náð R 6944 og fengið stefnda til að nema staðar. Hafi hann skýrt honum frá atvikum. Stefndi hafi ekki viljað við það kannast að eiga sök á rúðubrotinu, og hafi þeir hætt orðræðum við svo búið. Stefnandi kvaðst helst telja, að steinninn hafi hrokkið undan framhjól R 6944, en kvaðst þó ekki geta um það fullyrt, hvort steinninn hafi komið undan framhjól eða afturhjól R 6944. Stefnandi kvað R 6944 hafa verið ekið um það bil á 40 til 50 km hraða, miðað við klukkustund, er bifreiðarnar hafi mættzt. Hann kvað vinstri handar stýri vera í bifreið sinni.

Vitnið Arnprúður P. Eiríksdóttir, eiginkona stefnanda, en unnusta hans, er hér um ræddur atburður skeði, kvaðst hafa setið í framsæti R 8878 hægra megin. Kvaðst hún hafa snúið sér til vinstri og verið að tala við farþega þá, sem setið hafi aftur í bifreiðinni. Kvaðst vitnið hafa séð, að brestur kom í framrúðuna, og einnig hafi það heyrð smell. Taldi vitnið, að smellurinn hafi heyrzt, um leið og bresturinn kom í rúðuna, en ekki kvaðst vitnið hafa séð neitt koma í rúðuna. Sagði vitnið, að er atburður þessi hafi átt sér stað, hafi þau mætt Volkswagen-bifreið, og hafi hún verið sú eina bifreið, sem nálæg var. Hafi bifreið þessi verið einhvern veginn gráleit, blágrá eða grængrá.

Vitnið Stefanía Sigurðardóttir, er var farþegi í aftursæti R 8878, kvaðst hafa séð eins og skugga bera fyrir, og síðan hafi rúðan brotnað. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort það hafi heyrð nokkurt hljóð, um leið og þetta hafi skeð. Er atburður þessi hafi skeð, hafi aðeins ein bifreið verið nálæg á veginum, en vitnið mundi ekki, hver afstaða þeirrar bifreiðar hafi verið til R 8878. Vitnið kvað bifreið þá, er stefnandi hafi veitt eftirför og síðan stöðvað, hafa verið hina sömu og nálæg var, er rúðan brotnaði.

Þriðji farþeginn í bifreið stefnanda, Hildigunnur Magnúsdóttir, var látin, er vitnayfirheyrslur fóru fram í málinu, en á skýrslu stefnanda um atburðinn, sem fyrir liggur í málinu, hafði Hildigunnur vottað, að rétt væri frá skýrt hjá stefnanda um atburðinn.

Stefndi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreið sinni umræddan sunnudagseftirmiðdag eftir Suðurlandsvegi. Hafi hann verið að aka sér til skemmtunar í nágrenni bæjarins, og hafi hann ekið eftir Suðurlandsvegi ofan úr Heiðmörk áleiðis til Reykjavíkur. Hafi hann beygt út af veginum við Rauðalæk og hugðist aka gegnum sumarbústaðahverfið við Elliðavatn. Hafi stefnandi þá komið akandi, og þar sem hann hafi virzt hafa erindi við sig, hafi hann stöðvað bifreið sína. Hafi stefnandi þá komið og skýrt frá því, að steinn hafi hrokkið í framrúðu bifreiðar hans frá bifreið stefnda. Hafi sér komið þetta algerlega á óvart, enda hafi hann ekki vitað til þess, að hafa mætt bifreið stefnanda né að steinn hafi hrokkið frá bifreið sinni. Þar sem hann hafi talið sér óhapp stefnanda óviðkomandi, hafi hann ekki frekari orðaskipti átt við stefnanda, en ekið á brott. Stefndi kvað bifreið sína hafa verið Volkswagen-bifreið, og hafi hún á þessum tíma verið blásanseruð á lit.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefndi beri fébóta-

ábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir, samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi, að ósannað sé með öllu, að steinn sá, sem orsakaði rúðubrotið á bifreið stefnanda, hafi hrokkið undan hjóli bifreiðar hans. Í annan stað styður hann sýknukröfu sína þeim rökum, að jafnvel þótt talið yrði sannað eða gert nægilega sennilegt með líkum, að tjón stefnanda hafi stafað af bifreið hans, þá bresti allt að einu skilyrði til að fella á stefnda fébótaábyrgð af þeim sökum. Tjónið hefði þá hlotið við þær aðstæður, að tvær bifreiðar voru að mætast, en tjón, sem á annarri hvorri bifreiðinni verði undir þeim kringumstæðum, falli utan sviðs hinnar sérstöku ábyrgðarreglu í 67. gr. umferðarlaga, en af því leiði, að skilyrði fébótaábyrgðar séu, að tjónþoli sanni sök á þann, sem hann sækir til bóta. Slíka sök hafi stefnandi ekki sannað.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni í átt til Reykjavíkur á umræddum slóðum greindan sunnudagseftirmiðdag, þótt hann minnst þess ekki að hafa mætt bifreið stefnanda. Af skýrslu stefnanda og vitna þykir hins vegar verða talið sannað, að það hafi verið bifreið stefnda, sem mætti bifreið stefnanda, þegar margnefndur atburður skeði.

Því er eigi mótmælt af hálfu stefnda, að steinn hafi hrokkið í rúðuna á bifreið stefnanda og brotið hana. Það liggur hins vegar eigi fullkomlega ljóst fyrir, hvaðan steinninn kom. Vitnin hafa ekki getað um það borið, og stefnandi aðeins, að hann hafi séð hann koma frá hægri hlið og yfir vélarhlífina. Talið verður sannað með framburði stefnanda og vitnanna, að eingöngu bifreið stefnda hafi verið nálæg, er atburðurinn skeði, og að þær hafi þá verið að mætast. Þegar það er virt og með tilliti til þess, að yfirgnæfandi líkur eru fyrir því, að steinninn hafi fremur hrokkið frá bifreið stefnda, heldur en frá bifreið stefnanda, þykir bera að leggja það til grundvallar dómi í málinu. Ber því að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af þessum sökum, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958, enda verður eigi talið, að önnur ákvæði laganna um fébótaábyrgð eigi við um atvikið.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð stefnukröfunnar, og verður hún því að fullu tekin til greina ásamt vöxtum, sem ákveðast 6% frá 19. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 8% frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu, ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er hæfilegur ákveðst kr. 1.500.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur B. Jónasson, greiði stefnanda, Erlingi Ólafssyni, kr. 4.927.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 1.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1964.

Nr. 150/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Barry William Green

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línal.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt eftirtalda staði togara ákærða 5. júní 1963, og reyndust þeir vera fyrir innan 6 sm fiskveiðimörkin, svo sem hér segir:

Kl. 1308 um 2.5—2.6 sm,
— 1315 — 2.0—2.1 —
— 1321 — 1.9 sm,
— 1330 — 0.9 —

Staður varðskipsins og togarans kl. 1349 reyndist sam-